

A young girl with brown hair in a ponytail, wearing a blue polka-dot vest over a white long-sleeved shirt, is blowing bubbles. She is holding a yellow and orange bubble wand in her right hand and a blue cup with a white lid in her left hand. The background is a blurred outdoor setting with green foliage and a path. Numerous colorful bubbles are floating in the air around her.

2021-2022

# LÆRUM SAMAN

**LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í  
LEIKSKÓLA**

---

Leikskólinn Iðavöllur  
Akureyri

# LÆRUM SAMAN

## LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í LEIKSKÓLA

UMS-93 - 2021

Þróunarverkefnið Lærum saman - lærdómssamfélag í leikskóla var unnið skólaárið 2021-2022 í leikskólanum Iðavelli á Akureyri.

Samstarfsaðili var Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Verkefnastjórn var í höndum Irisar Rúnar Andersen og Önnu Lilju Sævarsdóttur.



**Leikskólinn Iðavöllur @2022**

A close-up photograph of a child's hands holding a variety of colorful crayons and markers. The child is wearing a light blue shirt with large, colorful letters and pink cuffs. The word "MARKMIÐ" is overlaid in large, white, bold, sans-serif capital letters across the center of the image.

# MARKMIÐ

- Að skapa lærdómssamfélag í leikskólanum þar sem að hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast
- Að skapa staðblæ sem einkennist af samstarfsmenningu þar sem allir leggja sitt af mörkum til stöðugrar þróunar og umbóta í starfinu
- Að fylgjast kerfisbundið með námi nemenda og nýta þau gögn sem safnast til að bregðast við þegar þörf er á
- Að nemendur fái tækifæri til að læra, vaxa og þroskast í samstarfi við aðra
- Að aðkoma nemenda að eigin námi og þroska sé tryggð

# LEIÐIR

Í verkefninu **Lærum saman - lærdómssamfélag í leikskóla** var unnið markvisst að því að efla sameiginlega þekkingarleit starfsfólks og barna með því að ýta undir og efla félagslegt nám og þróa í sameiningu verkefni sem byggð voru á hugmyndum hópsins.

Lagt var upp með að virða skoðanir og hugmyndir barnanna og starfsfólksins, nota jákvæða styrkingu og hvatningu í öllu starfi skólans og tengja þannig hugmyndir um lærdómssamfélag, hugmyndafræði ReggioEmilia og Barnasáttmálann.





# VINNUSMIÐJUR

Á skólaárinu voru haldnar þrjár vinnusmiðjur en á milli þeirra vann starfsfólk leikskólans með börnunum í ýmsum verkefnum.

- Undirbúningsmiðja - starfsfólk skólans fékk fræðslu um lærdómssamfélagið og fyllti út könnun þar sem staða lærdómssamfélagsins í skólanum var skoðuð.
- Raddir barna - vinnusmiðja – starfsfólk fékk fræðslu um raddir barna og mikilvægi þess að þær fái að heyrast í skólastarfi. Í kjölfarið gerði hver deild áætlun um starf í anda Barnasáttmálans með það að markmiði að efla raddir barna og láta þær hljóma í skólastarfinu. Unnið var eftir þróunarhring.
- Mat og miðlun – starfsfólk hittist og deildi hvernig vinnan með þróunarhringinn gekk.



# FRÁVIK OG HINDRANIR

Verkefnið hlaut lægri styrk en sótt var um og því þurfti að aðlaga verkefnið að því. Ákveðið var að halda þrjár vinnusmiðjur fyrir starfsfólk með ráðgjafaraðilum og fara í gegnum einn þróunarhring þar sem lögð var áhersla á raddir barna og vinnu út frá Barnasáttmálanum.

Heimsfaraldurinn Covid19 setti strik í reikninginn, mikil fjarvera vegna veikinda og sóttkvíar bæði barna og starfsfólk varð til þess að færa þurfti vinnusmiðjurnar til og ekki var hægt að hittast eins og oft og ákveðið hafði verið. Í umsókn var gert ráð fyrir vinnu með foreldrum sem ákveðið var að fresta vegna aðstæðna í samfélaginu.

A photograph of three young children sitting together and laughing joyfully. The child on the left is a young girl with dark hair, wearing a grey sweater. The child in the middle is a girl with long blonde hair, wearing a white shirt with colorful paint splatters. The child on the right is a girl with dark hair, wearing a floral patterned dress. The word 'ÁVINNINGUR' is overlaid in large white letters across the middle of the image.

# ÁVINNINGUR

Verkefnið hefur stutt við lærdómssamfélagið í leikskólanum lðavelli. Í gegnum það hefur starfsfólk tileinkað sér vinnubrögð í anda þróunarhringsins sem mynda umgjörð um nám og auka árangur í skólanum. Í verkefninu voru þróaðar leiðir til að styðja við og byggja upp jákvætt og lifandi lærdómsamfélag þar sem að hugmyndir allra í leikskólanum fá að heyrast. Unnið var að því að skapa liðsheild þar sem allir sem koma að starfinu vinna saman að því að efla þroska barnanna, þekkingu þeirra, hæfni og leikni.

Þrátt fyrir að utanaðkomandi aðstæður (covid 19) hafi reynst krefjandi í skólastarfi vetrarins náðist góður árangur í að styrkja þá góðu samstarfsmenningu sem ríkir í leikskólanum. Kennarar hafa unnið vel saman og sýnt mikinn vilja til að bæta starfið í sameiningu og axla sameiginlega ábyrgð á því að allir nemendur læri og nái árangri í leik og starfi. Áhersla var lögð á traust, faglegan stuðning og samvinnu og var það meðal þess sem fjallað var um á fyrstu vinnusmiðju skólaársins.

Leikskólinn lðavöllur hefur unnið að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en sú vinna er hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög sem Akureyrarbær tekur þátt í. Verkefnið felur í sér að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnslu og starfsemi bæjarfélagsins. Innleiðing Barnasáttmálans í skóla bæjarins felur í sér að unnið sé markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir m.a. á því að virðing sé borðin fyrir skoðunum barna en raddir barna voru einmitt viðfangsefni vinnustofunar sem haldin var á vorönn.

Á vinnustofunni hlustaði starfsfólk á innlegg frá ráðgjöfum MSHA og hver deild vann svo áætlun eftir vinnulagi þróunarhrings þar sem skipulagt var hvernig hægt væri að láta raddir barnanna í leikskólanum heyrast. Lagt var upp með að hugmyndir alla fengju að heyrast og að áætlunin væri unnin í sameiningu af öllum sem koma að deildinni.

Í Álfheimi, deild yngstu barnanna, var matartíminn tekinn til skoðunar og unnið með tjáningu barnanna í þeirri stund. Lagt var upp með að gefa börnunum meira val og nýta myndrænt efni til að efla þau í að tjá sig og gefa til kynna hvað þau vilja.

Í Glaðheimi, deild næst yngstu barnanna, var unnið með bækur og bókalestur. Börnin völdu bækur heima sem voru lesnar í leikskólanum, spjallað var um bækurnar og viðfangsefni þeirra og nöfn bókanna skráð á pappírshring og sett upp á vegg þar sem að þau mynduðu bókaorm.

Í Prymheimi, deild næst elstu barnanna, bjuggu börnin til stórt vináttutré úr pappír og unnu út frá því með grunngildi í Barnasáttmálanum. Lögð var mikil áhersla á samræður og fléttað saman umræðu um tré og hvers þau þarfnast og um börn, þarfir þeirra og réttindi. Að lokum gróðursettu börnin fræ og ræktuðu eigið tré.



Í Jötunheimi, deild elstu barnanna, var unnið með afmælisdaga. Ákveðið var að gefa börnunum meira val um hvernig þau vilja halda upp á daginn. Börnin gátu t.d. valið að lesa bók annað hvort frá bókasafni skólans eða koma með bók að heiman, fara í leiki inni eða hópleiki úti. Einnig var unnið með kveðjustundir, þar voru börnin hvött til að heilsa í byrjun dags en gátu gert það með mismunandi aðferðum, t.d. að bjóða góðan dag, fá knús eða gefa fimmu.

Í sérkennsluteyminu var unnið með að styrkja raddir þeirra barna sem minnst heyrast í í skólanum með því að nota samskiptahring. Samskiptahringurinn var lagður fyrir starfsfólk á öllum deildum við upphaf og lok þróunarhringsins. Hringurinn er byggður þannig upp að starfsfólk skráir hvaða börn það hefur mest samskipti við innst í hringinn og svo koll af kolli, þannig að þau börn sem minnst samskipti eru við eru yst í hringnum. Þegar niðurstöður lágu fyrir var sérkennsluteymið með íhlutun fyrir þau börn sem voru í ysta hringnum. Lögð var áhersla á þarfir hvers og eins barns sem gátu verið ólíkar, sem dæmi má nefna að eitt barn þurfti á sjálfsstyrkingu að halda á meðan að annað barn fékk auka málörvun. Í lok tímabilsins var árangur metinn og í ljós kom að öll börnin höfðu fært sig nær miðjunni og áttu í meiri og betri samskiptum en áður. Verkefnið gaf góða raun og verður það fastur liður í starfinu hér eftir.

Í þriðju vinnusmiðjunni kynntu kennarar vinnuna með þróunarhringinn hver fyrir öðrum, fjölluðu um hvernig gekk, hvað ávannst og hvernig raddir barnanna fengu meira vægi í starfinu.



A photograph showing the lower legs and feet of four children standing in a row. They are wearing various styles of rain boots: black, blue, green, and red. The background is a blurred outdoor setting.

# MAT OG NIÐURSTÖÐUR

Mikilvægur þáttur í  
lærdómssamfélagsvinnu er mat.

Verkefnið hófst á mati á  
lærdómssamfélagi skólans en þar  
voru þættir eins og  
samstarfsmenning, námsmat,  
samvinna starfsfólks, starfsþróun,  
nám barnanna og skipulag kennslu  
teknir til skoðunar.

Niðurstöður þess mats voru  
jákvæðar og benda til þess að á  
lðavelli sé lærdómssamfélag þar sem  
að börn og starfsfólk lærir saman.

Hugleiðingar starfsmanna  
úr mati á lærdómssamfélaginu

*„Við vinnum að því markmiði að allir í  
kringum börnin lesi í börnin og aðstæður  
þeirra og styðji við þau alltaf, allstaðar.  
Þetta gerum við meðal annars með áhorfi,  
skráningu, samstarfi og samræðum á milli  
starfsmanna og teyma“*

*„Það skiptir máli hvernig við gerum og hvað  
við gerum með börnunum, þurfum að vera  
meðvituð um það... Má ekki bara hugsa um  
það að kenna óháð því hvort börnin læri eða  
ekki...“*

*„Við vinnum saman í teymi með börnin, öll  
börnin koma okkur við... Þegar maður vinnur  
í teymi þarf að gera ráð fyrir því að planið  
raskist og þá er teymið tilbúið til að bregðast  
við því...“*

*„Erum dugleg að skiptast á hugmyndum og  
þekkingu, t.d. sýna öðrum hvað hægt er að  
gera eins og í málörvun. Nýta mannauðinn  
sem best.“*

Mat er einnig mjög mikilvægt í allri vinnu með þróunarhringinn en í síðustu vinnusmiðju skólaársins var lagt mat á þá vinnu sem unnin hafði verið. Allar deildir hittust og sögðu frá sinni vinnu, deildu með hinum hvernig gekk og fengu endurgjöf á vinnuna.

Þegar niðurstöður úr þróunarvinnunni eru skoðaðar má sjá að í leikskólanum er öflugt lærdómssamfélag og að verkefnið og þau vinnubrögð sem þar voru lögð til grundvallar hafa stutt við og eflt það. Starfsfólk leikskólans var sérlega ánægt með hversu vel verkefnið féll að vinnu með Barnasáttmálann og sér það fyrir sér að nýta þróunarhringinn meira inn í þá vinnu sem framundan er.

Leikskólinn lðavöllur og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri eiga farsæla samvinnusögu þar sem skólastigin hafa unnið saman að ýmsum þróunarverkefnum tengdum leikskólabörnum og hefur verkefnið treyst þau bönd. Miðstöð skólaþróunar er því hluti af lærdómssamfélagi leikskólans sem teygir sig út fyrir vegg hans, inn á heimili barnanna og inn í Háskólann á Akureyri. Þannig byggist stöðugt upp ný þekking sem eflir faglegt starf í leikskólanum.

## Hugleiðingar starfsmanna um þróunarhringinn

*„Samverustundir eru markvissari en áður og börnin eru mun áhugasamari um bækur og bókalestur. Við teljum að verkefnið hafi skilað árangri bæði hjá börnum og kennurum“*

*„Okkur fannst þetta gefast vel frá upphafi... Við erum ánægðar með árangurinn og ætlum að halda áfram að vinna á þennan hátt“*

*„Allar skráningar eru til marks um árangur. Við sáum ný vinatengsl myndast og leikurinn þróaðist áfram hjá börnunum... Okkur fannst samheldnin aukast og öll börnin fá að vera með í leik“*

*„Við tókum eftir auknum þroska í leik barnanna bæði í frjálsum leik og í hópastarfi. Börnin eru opnari og duglegri að tjá sig við hvert annað og kennara“*




# KYNNING

Lögð verður áhersla á að kynna verkefnið sem víðast. Iðavöllur hefur boðið kennara úr öðrum skólum velkomna í heimsókn og kynnt fyrir þeim þróunarstarf í leikskólanum og mun þetta verkefni vera á meðal þess sem kynnt verður í þeim heimsóknum.

Skýrsla um verkefnið verður aðgengileg á vefsíðu Iðavallar og Miðstöðvar skólaþróunar og verður henni einnig dreift á samfélagsmiðlum og vefsíðum til þeirra sem hafa áhuga á málefninu.

Verkefnið varð hluti af vinnu við Barnasáttmálann á Iðavelli og hefur verkefnið verið kynnt foreldrum í tengslum við þá vinnu.



---

Anna Lilja Sævarsdóttir,  
leikskólastjóri Iðavallar